

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 27. júní 2023

Mál nr. E-552/2022:

Einar Jóhannes Lárusson

(Stefán A Svansson lögmaður)

gegn

Matvælastofnun og Fiskistofu

(Ingvi Snær Einarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með birtingu stefnu 1. desember 2022.

Stefnandi er Einar Jóhannes Lárusson, [...]

Stefndu eru Matvælastofnun, [...], Austurvegi 64, Selfossi og Fiskistofa, [...], Norðurslóð Borgum, Akureyri. Fyrirsvarsmáður stefnda Matvælastofnunar er Hrönn Ólína Jörundsdóttir forstjóri, [...]. Fyrirsvarsmáður stefnda Fiskistofu er Ögmundur Haukur Knútsson Fiskistofustjóri, [...].

Dómkröfur stefnanda eru að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt kr. 2.000.000 ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. september 2022 til 7. janúar 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Að stefndu verði gert að greiða stefnanda sameiginlega málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Aðalmeðferð fór fram 15. maí 2023 og var málið dómtekið að henni lokinni. Við aðalmeðferð gaf stefnandi skýrslu sem og vitnin A, B og C.

Málavextir

Mál þetta er sprottið af eftirliti með velferð dýra við veiðar á hvölum síðsumars og haustið 2022. Stefnandi var skipstjóri á hvalveiðibátnum Hval 9 á vertíðinni það ár, en báturinn er gerður út af Hval hf. sem hafði þá leyfi til hvalveiða samkvæmt lögum um hvalveiðar nr. 26/1949. Í starfi skipstjóra mun m.a. felast það hlutverk að munda hvalveiðibyssuna og skjóta þann hval sem er í sigtinu hverju sinni.

Þann 10. ágúst 2022 setti matvælaráðuneytið reglugerð nr. 917/2022 um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum. Í reglugerðinni kemur fram að hún sé sett með stoð í 13. gr., 33. gr. og 46. gr., sbr. 1., 4. og 27. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir að markmið reglugerðarinnar sé „að stuðla að velferð dýra með því að viðhafa reglubundið eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum þannig að veiðar valdi dýrunum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma.“ Þá kemur fram í 2. gr. reglugerðarinnar að Matvælastofnun skuli hafa reglubundið eftirlit með því að farið sé að lögum um velferð dýra við veiðar á hvölum. Þetta reglubundna eftirlit skuli m.a. framkvæmt „með eftirlitsferðum við veiðar, myndbandsupptökum veiðiaðferða og skráningu þeirra aðgerða við veiðar sem varða velferð dýra.“ Segir svo að öllum gögnum sem eftirlitsmenn afla við störf sín skuli koma til eftirlitsdýralæknis í lok hversrar athugunar. Þá kemur jafnframt fram í sömu lagagrein að Matvælastofnun er heimilt að fela Fiskistofu, skv. samningi, öflun gagna vegna eftirlitsins. Fyrir liggur að Matvælastofnun fól Fiskistofu að afla gagna vegna eftirlitsins.

Til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar mun veiðieftirlitsmaður hjá Fiskistofu hafa haft samband við Hval hf. og upplýst um að eftirlit yrði viðhaft í veiðiferðum skipa Hvals hf., þ.e. Hvali 8 og Hvali 9. Þegar veiðieftirlitsmaður kom til skips mun hann hafa tilkynnt stefnanda að hann væri að sinna eftirliti fyrir hönd stefnda í samræmi við reglugerð um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum. Ekkert liggur fyrir af skriflegum gögnum í málinu um samskipti veiðieftirlitsmanns við stefnanda eða aðra skipverja vegna eftirlitsins. Vitnið B veiðieftirlitsmaður Fiskistofu lýsti því við aðalmeðferð að stefnandi og skipverjar hafi vitað um hlutverk hans og starf og hafi verið upplýstir um það. Þetta hafi vitnið m.a. rætt við stefnanda, þ. á m. um hvernig unnið væri með myndefnið og það vistað, en stefnandi hafi ekki lýst neinum áhyggjum sínum um það eða spurt frekar. Samskonar framburður kom fram hjá vitninu C veiðieftirlitsmanni Fiskistofu sem lýsti því að hann hafi tilkynnt sig um borð við stefnanda. Stefnandi og skipverjar hafi verið meðvitaðir um nýju reglugerðina og eftirlit samkvæmt henni. Síðastnefnt vitni hafi haft áhyggjur af því hvert myndböndin færu og hafi vitnið lýst vinnslu myndbandanna og að þeim yrði svo eytt úr farsímanum. Stefnandi hafi verið sáttur við það.

Hið umdeilda eftirlit var síðan framkvæmt hjá Hval 9 á tímabilinu frá 24. ágúst til og með 28. september 2022. Í veiðiferðunum munu hafa verið tekin upp myndskaið af veiðum á 35 dýrum á farsíma viðkomandi veiðieftirlitsmanns sem stefndu kveða nýttast

til að afla upplýsinga um fjarlægð dýrs frá skipi, skotvinkil, viðbrögð dýrs við skoti og tímalengd við dauða. Myndskeiðin hafa verið lögð fram í málinu á usb-lykli. Stefnandi sést á fjölmörgum myndskeiðanna og er vafalaust að a.m.k. á sumum þeirra er hann persónugreinanlegur.

Í greinargerð stefndu segir að við lok hvernar veiðiferðar hafi gögnum, þ. á m. framangreindum myndskeiðum, verið komið til eftirlitsdýralæknis stefnda. Gögnin séu vistuð á læstu drifi og aðeins tilgreindir starfsmenn hjá stefnda hafi aðgang að því. Eftir að umræddum gögnum hafi verið hlaðið upp á hið læsta drif sé tryggt að myndskeiðum sé eytt úr símtækjum viðkomandi veiðieftirlitsmanna. Við aðalmeðferð lýsti vitnið B veiðieftirlitsmaður Fiskistofu því að þegar hann hafi tekið upp myndefnið á farsíma sinn þá hafi hann hlaðið því inn í fartölvu á vegum Fiskistofu með snúru, meðan hann var enn um borð. Að því loknu hafi efninu verið eytt úr farsímanum. Samskonar framburður kom fram hjá vitninu C veiðieftirlitsmanni. Eftir það hafi vitnið sent efnið til yfirmanns síns með tölvupósti. Kvað vitnið C að allir skipverjar hafi verið meðvitaðir um eftirlitið og myndböndin. Hins vegar liggur fyrir að nokkrum dögum fyrir aðalmeðferð birtust í sjónvarpsfréttum og á netmiðlum hluti af framangreindum myndbandsupptökum veiðieftirlitsmanna Fiskistofu. Ekki liggur neitt fyrir í málinu um hvernig þau rötuðu til fjölmiðla.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi krefur stefndu óskipt um miskabætur vegna stjórnsýslueftirlits stefndu, einkum í formi viðvarandi myndbandsupptakna á snjallsíma þ. á m. af stefnanda. Stefnandi telur eftirlitið án fullnægjandi lagastoðar. Jafnframt brjóti það gegn persónuverndarlöggjöf. Kveður stefnandi að krafan fái stoð í 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem mælt sé fyrir um rétt til miskabóta vegna ólögmætrar meingerðar gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, svo sem ólögmæta háttsemin feli í sér gagnvart stefnanda, en hún feli meðal annars í sér brot gegn stjórnarskrárvörðum rétti stefnanda til friðhelgis einkalífs. Verði jafnframt að virða hina ólögmætu háttsemi stefndu til sakar þannig að uppfyllt séu skilyrði 26. gr. laga nr. 50/1993, þ. á m. um aukið saknæmisstig. Að virtum alvarleika brotsins telur stefnandi miskabætur hæfilega ákveðnar kr. 2.000.000.

Kveður stefnandi að þar sem eftirlitið sé framkvæmt af stefnda Fiskistofu, f.h. Matvælastofnunar, verði að telja að stofnanirnar séu samábyrgar gagnvart stefnanda í

skilningi skaðabótareglna, meðal annars á grundvelli húsbóndasjónarmiða. Kröfu sé því til samræmis beint að þeim óskipt. Verði aðeins önnur þeirra talin ábyrg rúmist slíkt innan kröfugerðar til samræmis við réttarframkvæmd.

Stefnandi bendir á að samkvæmt lögmætisreglu íslensks réttar skuli ákvarðanir og athafnir stjórnvalda almennt eiga sér heimild í lögum. Í *kjarna* þessarar reglu felist að stjórnvöld geti ekki íþyngt borgurunum með athöfnum sínum nema hafa til þess viðhlítandi heimild í lögum. Þetta gildi um stjórnvaldsákvarðanir og almenn stjórnvaldsfyrirmæli, og athafnir á grundvelli þeirra. Hér verði einnig að hafa í huga þær almennu skýringarreglur að íþyngjandi stjórnvaldsathafnir verði almennt að byggjast á skýrri lagaheimild og að lagaákvæði, sem hafa að geyma slíkar heimildir, verði almennt ekki túlkuð rúmt. Af lögmætisreglunni leiði jafnframt að þegar skynsamlegur vafi leikur á hvort ráðherra hafi haft viðhlítandi heimild til íþyngjandi stjórnarathafna, þ. á m. setningar stjórnvaldsfyrirmæla, beri að skýra þann vafa borgurunum í hag.

Stefnandi vísar einnig til meðalhófsreglu stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttar. Kveður stefnandi að megin sjónarmiðin að baki reglunni séu þau að stjórnvaldi sé ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að heldur beri því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeiting beinist að. Beri stjórnvaldi að gæta hófs og fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða og megi aldrei íþyngja almenningi að nauðsynjalausu, þ. á m. við opinbert eftirlit. Hagsmunir einstaklinga og lögaðila, sem njóta verndar stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasáttmála, vegi þungt og þá sérstaklega hagsmunir er varða frelsi og friðhelgi, þ. á m. réttur til friðhelgis einkalífs sem varinn sé af 71. gr. stjórnarskrár, og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. samnefnd lög nr. 62/1994, en réttindi stefnanda falli hér undir.

Stefnandi vísar einnig í framangreindu samhengi til þess að það sé hlutverk dómstóla að skýra löggjöf og beita henni í tilteknu tilviki með þeim hætti sem best samrýmist meginreglum stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttar og að gera verði, þ. á m. að virtum sjónarmiðum um meðalhóf, kröfur til skýrleika og vandaðs undirbúnings íþyngjandi laga- og reglugerðarákvæða, þ. á m. reglugerðarheimilda.

Stefnandi byggir á því að umrætt eftirlit, þ. á m. söfnun og vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli myndbandsupptakna, á grundvelli reglugerðar nr. 917/2022 sé ólögmætt og saknæmt þegar af þeirri ástæðu að hvalveiðar og eftirlit með

þeim falli ekki undir efni laga nr. 55/2013, sem reglugerðin sé sögð sækja stoð sína í. Hið umþrætta eftirlit byggir á tilvísaðri reglugerð.

Kveður stefnandi að gæta verði að því, að hvalveiðar sæta sérlögum, þ. á m. um framkvæmd veiða og eftirlit með þeim, sbr. fyrrnefnd lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem taki til hvalveiða sérstaklega og starfsleyfi Hvals útgefna með stoð í þeim. Þau lög gangi um leið framur almennari lögum í samræmi við viðtekin lögskýringarsjónarmið. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 55/2013 segi um gildissvið þeirra að frumvarpið nái einnig til ýmissa villtra dýra og fjalli meðal annars um föngun þeirra og aðferðir við veiðar og aflifun. Í því sambandi „ber einnig að líta til laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum“, samkvæmt því sem segi í frumvarpinu. Samkvæmt lögum nr. 64/1994 séu hvalveiðar hins vegar undanskildar sérstaklega, sbr. 1. og 2. gr. þeirra, þar sem „um þær tegundir gildi sérstök lög“, þ.e. sérlög, líkt og umræður á Alþingi með þeim lögum beri einnig með sér. Ekkert í lögskýringargögnum með lögum nr. 55/2013 gefi tilefni til að ætla að hvika hafi átt frá fyrrgreindu lagafyrirkomulagi nema síður sé.

Kveður stefnandi að við framangreint bætist að í 2. gr. laga nr. 55/2013 sé kveðið á um gildissvið laganna. Samkvæmt því taki lögin ekki til „hefðbundinna veiða og föngunar á villtum fiski“. Hvalveiðar séu hefðbundnar veiðar og því undanskildar efni laganna. Þótt í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna sé einkum skírskotað til villts fisks í samhengi við veiðar og föngun, verði lögunum, sem séu í eðli sínu þyngjandi, ekki ljáð slík merking enda fáir hún ekki skýra og ótvíræða stoð í texta laganna. Gæta verði jafnframt að því, að rökin að baki þessari undanþágu samkvæmt athugasemdum í greinargerð með lögunum, séu að „[þ]ær aðferðir sem beitt er við veiðar eiga sér langa forsögu og ekki fæst séð að betri aðferðir við veiðarnar séu til staðar“, sem eigi jafnframt fullum fetum við um hvalveiðar; ellegar beri að minnsta kosti að skýra 2. gr. laganna um hefðbundnar veiðar og föngun á villtum fiski með lögjöfnun þannig að hvalveiðar falli einnig þar undir og séu þar með undanskildar gildissviði laganna enda eigi sömu efnisrök við fullum fetum. Í þessu samhengi verði einnig að skýra lögin til samræmis við sérákvæði laga um hvalveiðar, sbr. og að framan.

Stefnandi byggir jafnframt á því, að hvað sem líður gildissviði laga nr. 55/2013, sé stjórnsýslueftirlitið umþrætta andstætt lögum og um leið saknæmt.

Vísar stefnandi til þess að samkvæmt reglugerð nr. 917/2022 skuli Matvælastofnun hafa reglubundið eftirlit með veiðum hvala. Í 2. gr. reglugerðarinnar

segi að Matvælastofnun skuli hafa reglubundið eftirlit með því að farið sé að lögum um velferð dýra við veiðar á hvöllum, m.a. með eftirlitsferðum við veiðar, myndbandsupptökum veiðiaðferða og skráningu þeirra aðgerða við veiðar sem varða velferð dýra. Öllum gögnum sem eftirlitsmenn afla við störf sín skuli koma til eftirlitsdýralæknis í lok hverrar athugunar.

Kveður stefnandi að í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2013 segi að starfsemi samkvæmt lögnum skuli háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Síðan segi: „Umfang og tíðni eftirlits skal byggt á áhættuflokkun.“ Í 2. mgr. 13. gr. segi að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess, en fyrirbyggjandi reglugerð nr. 917/2022 virðist eina reglugerðin sem sett hafi verið á grundvelli ákvæðisins.

Þá vísar stefnandi til þess að í upphaflegu frumvarpi til laga nr. 55/2013 hafi núgildandi 13. gr. hljóðað svo:

„Öll leyfisskyld starfsemi skv. 11. gr. skal háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Umfang og tíðni eftirlits skal byggt á áhættuflokkun.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess.“

Í athugasemdum í greinargerð með upphaflegu frumvarpi til laganna segi:

„Samkvæmt ákvæðinu skal öll leyfisskyld starfsemi skv. 11. gr. háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Sú krafa að allt eftirlit með leyfisskyldu dýrahaldi skuli vera byggt á áhættumati er nýmæli. Þegar eftirlit er byggt á áhættumati er tíðni reglubundins eftirlits metin út frá áhættu sem varðar velferð dýra, sem hefur verið greind og metin og lögð til grundvallar eftirlitskerfinu. Með þessu móti verður eftirlitið hnitmiðaðra og tíðni þess mest þar sem áhættan er mest og þar af leiðandi í samræmi við raunverulega þörf í hverju dýrahaldi fyrir sig. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra útfæri nánari fyrirmæli um eftirlitið og framkvæmd þess í reglugerð.,,

Kveður stefnandi að við meðferð málsins hafi verið gerðar breytingar á frumvarpinu, þ. á. m. á vegum atvinnuveganefndar. Breytingartillagan, sem hafi verið samþykkt og orðið að endanlegum lögum, hafi verið orðuð svo:

„Öll starfsemi sem lög þessi ná til skal háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Að jafnaði skulu eftirlitsheimsóknir eiga sér stað eigi sjaldnar en annað hvert ár. Umfang og tíðni eftirlits skal að öðru leyti byggt á áhættuflokkun.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um eftirlit og framkvæmd þess.“

Vísar stefnandi til þess að með lögum nr. 11/2014 hafi svo verið gerðar breytingar á ákvæði 13. gr. laganna, eins og hún hljóði í dag. Tilgangur breytingarinnar hafi samkvæmt greinargerð með lögunum verið þessi:

„Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013, í því skyni að draga úr umfangi þess eftirlits sem lögin mæla fyrir um. Lögin voru samþykkt á 141. löggjafarþingi en öðlast gildi 1. janúar 2014.

Í frumvarpi því sem varð að lögunum var mælt fyrir um reglulegt opinbert eftirlit af hálfu Matvælastofnunar. Kveðið var á um að leyfisskyld starfsemi væri háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu stofnunarinnar en umfang þess og tíðni byggðist á áhættuflokkun.

Þáverandi atvinnuveganefnd lagði til breytingu á ákvæðinu þar sem kveðið var á um tiltekið lágmark eftirlitsheimsókna þannig að yrðu ekki sjaldnar en annað hvert ár. Flutningsmenn leggja til að fallið verði frá því að mæla fyrir um svo tíðar eftirlitsheimsóknir og að ákvæðinu verði breytt í fyrra horf. Eftirlitið og umfang þess verði því byggt á áhættuflokkun. Flutningsmenn telja að með því að falla frá heimsóknum annað hvert ár megi draga töluvert úr kostnaði. Gert er ráð fyrir því að eftirlitið verði áhættumiðað og m.a. horft meira til þess hvort upplýsingum frá búfjáreigendum sé skilað með fullnægjandi hætti eða ekki.“

Kveður stefnandi augljóst að umþrætt fyrirkomulag rafræns eftirlits eigi sér ekki lögmætan grundvöll af fjölþættum ástæðum. Lagaumgjörðin og framkvæmdin, sé fjarri lagi að uppfylla þær almennu og sértæku kröfur, þ. á m. um *skýrleika* og meðalhóf, sem gerðar séu í þessu tilliti.

Í fyrsta lagi vísar stefnandi til þess að 13. gr. laga nr. 55/2013, sem eftirlitsheimildin samkvæmt reglugerð nr. 917/2022 sé reist á, kveði á um að starfsemi

samkvæmt lögnum skuli háð reglulegu opinberu eftirliti þar sem „[u]mfang og tíðni eftirlits skal byggt á áhættuflokkun“, og að ráðherra „skuli setja í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess“. Hvorki með reglugerð nr. 917/2022 né annars staðar hafi farið fram sérstök áhættuflokkun með þeim hætti sem lögskilt sé. Í þessu samhengi bendir stefnandi einnig á að áhættuflokkunir stefnda Matvælastofnunar séu jafnan birtar að loknu ítarlegu og vandasömu ferli, þ. á m. hvar hagaðilum sé gefinn umsagnarréttur. Þegar af framangreindum ástæðum sé hið umþrætta eftirlit augljóslega óheimilt og ólöglegt.

Þá kveður stefnandi jafnframt ljóst að reglugerð nr. 917/2022, eins og henni hafi verið beitt og hún skýrð af stefnda Matvælastofnun, fari í bága við efni laga nr. 55/2013 og eigi sér heldur ekki fullnægjandi stoð í lögum nr. 55/2013, þ. á m. 2. mgr. 13. gr. þeirra laga, sbr. efnis- og formþátt lögmatísreglu íslensks réttar. Gæta verði og sérstaklega að því, að setning íþyngjandi stjórnvaldsfyrirmæla og beiting þeirra, verði ekki reist á almennri reglugerðarheimild á borð við 2. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2013, hvað þá þegar um teflir stjórnarskrárvarin réttindi á borð við friðhelgi einkalífs líkt og eftirlitið lúti að.

Þá sé að því að gæta að rafræna eftirlitið hafi ekki verið „reglulegt“ og byggt á áhættuflokkun, líkt og lögskilt sé, heldur viðvarandi í kjölfar gildistöku reglugerðarinnar, eða nánar tiltekið frá 23. ágúst og út hvalvertíð. Tíðni og umfang eftirlits uppfylli fjarri lagi kröfur um meðalhóf, hvorutveggja samkvæmt óskráðum sem skráðum meginreglum stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttar, og sé jafnframt algerlega á skjön við það sem ráða megi af efni 13. gr. laga nr. 55/2013 og lögskýringargögnum, þ. á m. í tengslum við breytingu á ákvæðinu, þar sem rík áhersla sé lögð á meðalhóf, sbr. að framan. Í framangreindu samhengi sé þess einnig að gæta, að í starfsleyfi Hvals sé fjallað um veiðarnar, þ. á m. aðferðir við aflífun og búnað, sbr. nánar 3. og 4. gr. leyfisins. Í 5. gr. sé kveðið sérstaklega á um að halda skuli dagbók yfir veiðarnar sem útbúin er af Fiskistofu, þ.e. sama aðila og Matvælastofnun láti framkvæma „sitt“ eftirlit sem snúi í grunninn að hinu sama, þar sem skuli meðal annars skrá upplýsingar um tíma þegar veiði hefst, tíma þegar fyrsta sprengiskutli er skotið, fjölda sprengiskutla sem skotið er og tíma og staðsetningu þegar afli fæst. Minnt sé hér einnig á, að þegar Fiskistofa hafi framkvæmt „sitt“ eftirlit, þ. á m. samkvæmt starfsleyfinu, hafi tíðni og umfang þess verið til muna minna heldur en nú, án þess að nokkur eðlisbreyting hafi orðið, hvorki á veiðunum né

upplýsingagjöf stefnanda. Til viðbótar framangreindu sæti Hvalur eftirliti á grundvelli fyrrnefndra heimilda í lögum og reglum um hvalveiðar.

Kveður stefnandi að öll framangreind umfjöllun eigi jafnframt við um aðrar reglugerðarheimildir laga nr. 55/2013 sem reglugerð nr. 917/2022 vísi til, þ. á m. almenna reglugerðarheimild 46. gr. laga nr. 55/2013, að breyttu breytanda; umfangi og tíðni eftirlitsins, verði ekki fundin stoð í þeim.

Stefnandi telur framkvæmd stjórnarsýslueftirlitsins, og þá ekki hvað síst söfnun og vinnslu persónuupplýsinga í formi myndbandsupptakna eins og því sé háttáð, jafnframt í andstöðu við persónuverndarregluverk og rétt stefnanda til friðhelgis einkalífs.

Kveður stefnandi að fyrir það fyrsta byggi vinnslan og söfnunin á ófullnægjandi lagagrundvelli, sbr. umfjöllun að framan.

En hvað sem því líði fari söfnunin og vinnslan jafnframt í bága við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sem séu lögákveðin forsenda fyrir lögmæti vinnslu.

Kveður stefnandi að umrædd vöktun í formi myndbandsupptakna feli bersýnilega í sér „rafræna vöktun“ í skilningi 14. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 9. tölul. 3. gr. laganna, enda sé enginn eðlismunur á því hvort upptaka fari fram til dæmis með eftirlitsmyndavél eða snjallsíma. Væru lögin, og vernd þeirra, ellegar nafnið tóm. Ljóst sé enn fremur að upptökurnar hafi farið fram með viðvarandi hætti, þ.e. svo gott sem í hverri einustu veiðiferð frá 23. ágúst sem hlaupi á tugum, og þannig um að ræða reglulega/viðvarandi rafræna vöktun í skilningi laganna.

Stefnandi bendir í þessu samhengi á skilyrði 4. mgr. 14. gr., um að þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað, eins og hvalveiðiskipið sé í tilviki skipverja, skuli með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili. Það skilyrði hafi í engu verið uppfyllt. Jafnframt vísar stefnandi til 1. mgr. 17. gr. laganna, en þar sé kveðið á um að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja gagnsæi upplýsinga og tilkynningar til skráðs einstaklings. Þeim áskilnaði hafi alls ekki verið fullnægt.

Þá kveður stefnandi að sömuleiðis verði ekki séð að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt, þegar gögnin séu vistuð á snjallsíma. Snjallsími geti ekki talist fullnægjandi geymslumáti persónuupplýsinga, sér í lagi þegar aðrir geymslumátar séu tiltækir. Um leið sé brotið gegn öryggisreglu 8. gr. laganna. Óljóst sé

jafnframt hvort um sé að ræða persónulegan snjallsíma viðkomandi starfsmanns eða síma í eigu viðkomandi stjórnvalds sem einnig sé óljóst hvert er, þ.e. Fiskistofa eða Matvælastofnun.

Þá kveður stefnandi hvorki ljóst, né hafi verið upplýst um, hver beri ábyrgð á að vinnsla persónuupplýsinganna samrýmist lögnum, þ.e. hver sé *ábyrgðaraðili*. Framangreint sé síst til þess fallið að greiða fyrir að stefnandi geti, svo almennilega sé, gert athugasemdir við upptökurnar eða nýtt réttindi sín á grundvelli persónuverndarlaga. Öll framkvæmdin að þessu leyti sé á skjön við persónuverndarlög og undirliggjandi verndarhagsmuni þeirrar löggjafar.

Kveður stefnandi að af framangreindri umfjöllun um hversu framkvæmdin sé öll á reiki leiði enn fremur að meginreglur persónuverndarlöggjafar um *sanngirni*, þ.e. að persónuupplýsingar skulu unnar með lögætum, sanngjörnum og *gagnsæjum hætti* gagnvart hinum skráða séu ekki uppfylltar.

Þá sé ekki að sjá að sérstök nauðsyn standi til þeirrar umfangsmiklu söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga sem um ræði. Þannig verði ekki ráðið hvaða knýjandi nauðsyn hafi skyndilega um hásumar staðið til svo víðtæks, og fordæmalaus, eftirlits um borð. Verði ekki séð af hverju ekki hafi verið unnt að ná þeim markmiðum, sem þó hafi ekki verið einu sinni upplýst hver nákvæmlega séu, með öðru og vægara móti, svo sem með því að hafa eftirlitsmann um borð sem fylgist með og skrásetji það sem fyrir höndum ber án vinnslu persónuupplýsinga, og hvað þá í þeim mæli og með þeim hætti sem um ræði. Í þessu samhengi minnir stefnandi á meginreglu persónuverndarlöggjafar um lágmrkun gagna, þ.e. að þess sé gætt að þær séu „nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar“. Sá sem vinnur persónuupplýsingar beri jafnframt sönnunarbyrði fyrir því að nauðsynjarskilyrðið teljist uppfyllt. Í framangreindu samhengi skjóti jafnframt skökku við að íslensk stjórnvöld hafi á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins ekki tekið fyrir að myndefnið yrði jafnvel gert aðgengilegt erlendum aðilum án nokkurs augljóss sjáanlegs tilgangs.

Kveður stefnandi að þegar af framangreindum ástæðum megi telja ljóst að persónuverndarlög hafi verið brotin, og um leið brotið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum stefnanda til friðhelgis einkalífs. Við bætist að veruleg áhöld hljóti að vera um hvort fræðsluskyldu hafi verið sinnt, en hún hafi raunar engin verið, auk þess sem nákvæmur tilgangur vinnslunnar, ekki síst í ljósi hins gríðarlega umfangs, sé ekki alls kostar ljós.

Stefnandi kveður að af öllu framangreindu leiði að uppfyllt séu skilyrði 26. gr. laga nr. 50/1993 fyrir greiðslu miskabóta. Krafast er vaxta og dráttarvaxta af dómkröfum í samræmi við fyrirmæli laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. einkum 6. og 9. gr. laganna.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til tilvísaðra laga og reglugerða um hvalveiðar, auk laga nr. 55/2013 um velferð dýra, laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, laga nr. 36/1992 um Fiskistofu og laga nr. 30/2018 um Matvælastofnun. Jafnframt vísar stefnandi til meginreglna stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttar, þ. á m. lögmætisreglunnar og meðalhófsreglunnar auk ákvæða stjórnarskrár nr. 33/1944, þ. á m. 71. gr. um friðhelgi einkalífs auk laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnframt vísast sérstaklega til laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Málskostnaðarkrafan er studd fyrirmælum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varnarþing byggir á fyrirmælum 31. og 42. gr. laga nr. 91/1991 og réttur til samlagsaðildar á 19. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu telja að sýkna beri þá af öllum kröfum stefnanda enda sé ljóst að mati stefndu að stefnandi hafi ekki orðið fyrir þeim miska sem dómkrafa hans byggist á. Að mati stefndu verður það eftirlit sem lög um velferð dýra nr. 55/2013 heimilar ekki talið hafa falið sér rafræna vöktun auk þess sem ekki hafi verið um að ræða vinnslu persónuupplýsinga um stefnanda í tengslum við slíkt eftirlit. Í öllu falli er því mótmælt að stefnandi hafi sýnt fram á að skilyrði ákvæðis 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 teljist uppfyllt þannig að til greiðslu miskabóta geti komið úr hendi stefndu.

Stefndu mótmæla því að eftirlit með dýravelferð í tengslum við hvalveiðar á skipi stefnanda hafi brotið í bága við meðalhófsreglu stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttar. Stefndu mótmæla því einnig að slíkt eftirlit hafi íþyngt stefnanda ellegar verið að nauðsynjalausu. Stefndu telja þvert á móti að við framkvæmd eftirlitsins hafi verið gætt hófs, s.s. við upptökur af veiðum. Slíkar upptökur hafi það að markmiði að hægt sé að leggja mat á fjarlægð dýrs frá skipi, skotvinkil við skot, viðbrögð dýrs við skoti og hreyfingar eða hreyfingarleysi dýrs eftir skot. Myndskeiðin veiti þannig mikilvægar upplýsingar í því skyni að markmið laga um velferð dýra séu uppfyllt, þ.e. að stuðla að

því að veiðarnar valdi dýrunum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma.

Stefndu mótmæla því sérstaklega að hvalveiðar og eftirlit með þeim falli ekki undir efni laga nr. 55/2013 sem reglugerð nr. 917/2022 sækir stöð sína í. Vísa stefndu til þess að stefnandi haldi því meðal annars fram að hvalveiðar sæti sérlögum sem gangi frammar almennari lögum. Þá haldi stefnandi því fram að hvalveiðar séu í 2. gr. undanskildar gildissviði laganna.

Kveða stefndu að það að í gildi séu lög um hvalveiðar nr. 26/1949 er taki til hvalveiða leiði ekki til þess að hvalveiðar séu undanskildar gildissviði laga nr. 55/2013 enda sé fjöldi atvinnugreina þar sem fleiri en einn lagabálgur gildi um greinina. Þannig beri þeim er stundar hvalveiðar m.a. að fylgja ákvæðum laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Sem dæmi um aðra atvinnugrein beri umráðamönnum búfjár að fylgja lögum um búfjárhald nr. 38/2013 en auk þess beri þeim að fylgja reglum sem koma fram í öðrum lagabálgum, þ.á m. lögum um velferð dýra nr. 55/2013.

Stefndu vísa til þess að lög nr. 26/1949 um hvalveiðar og stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra setji fyrst og fremst ramma um fyrirkomulag hvalveiða á borð við hvaða tegundir hvala megi veiða, hverjum sé heimilt að stunda veiðarnar, verkun hvala, leyfi fyrir veiðum og eftirlit með þeim þáttum. Lögin hafi hins vegar ekki að geyma ákvæði um velferð dýranna við veiðarnar sjálfar, s.s. hvernig skuli standa að veiðunum þannig að þær valdi sem minnstum sársauka og aflífun taki sem skemmstan tíma. Um það gildi ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra.

Kveða stefndu að lög um hvalveiðar nr. 26/1949 séu vissulega sérlög en stefndu mótmæla því að það skuli leiða til þess að hvalveiðar verði ekki felldar undir gildissvið laga nr. 55/2013 líkt og haldið sé fram í stefnu. Lög um hvalveiðar verði þannig ekki talin ganga frammar almennum lögum um velferð dýra enda sé ekkert fjallað um velferð hvala í lögum um hvalveiðar.

Þá mótmæla stefndu því að það hafi þýðingu varðandi gildissvið laga nr. 55/2013 að ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum gildi ekki um hvalveiðar. Hefði verið ætlun löggjafans að undanþiggja hvali undan gildissviði laga nr. 55/2013 um dýravelferð mætti ætla að slíkt hefði verið tekið fram berum orðum í ákvæðum laganna.

Kveða stefndu að ef fleiri en eitt lagaákvæði eru ósamrýmanleg gerist þess þörf að taka þurfi afstöðu til þess hvaða forgangsreglum (lex superior, lex posterior og/eða lex specialis) skuli beita við ákvörðun um það hvaða lagaákvæði beri að fella tilvik undir. Hér sé hins vegar ekkert slíkt vandamál til staðar enda sé ekki fjallað um velferð dýra í ákvæðum laga um hvalveiðar. Reglugerð nr. 917/2022 eigi sér því skýra lagastoð í ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Stefndu mótmæla þeirri túlkun stefnanda um að undanþága í 2. gr. laga nr. 55/2013 sem vísar til þess að lögin takin ekki til hefðbundinna veiða og föngunar á villtum fiski feli það í sér að hvalveiðar séu undanskildar gildissviði laganna. Með einfaldri textaskýringu megi sjá að lögin gildi um hvali. Lögin taki til hryggdýra en hvalir séu spendýr og falli því í flokk hryggdýra. Það að hefðbundnar veiðar og föngun á villtum fiski falli ekki undir gildissvið laga nr. 55/2013 geti með engu móti orðið til þess að hvalveiðar séu undanskildar lögnum.

Þá kveða stefndu að lögjöfnun verði ekki beitt til að undanskilja hvali gildissviði laga nr. 55/2013. Vísast um það einkum til markmiða með ákvæðum laganna en þau séu að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur, þorsta, ótta, þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr séu skyni gæddar verur. Að mati stefndu er ljóst að framangreind markmið mæli gegn því að lögjöfnun verði beitt til að færa stærstu spendýr jarðarinnar undan lögum um velferð dýra.

Stefndu mótmæla því að lagaumgjörð og framkvæmd eftirlits með velferð dýra við hvalveiðar uppfylli ekki kröfur um skýrleika og meðalhóf. Í 27. gr. laga nr. 55/2013 segi m.a. að ávallt skuli staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma. Veiðimönnum sé skylt að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafa valdið áverkum. Í 1. mgr. 13. gr. sömu laga segi að starfsemi samkvæmt lögnum skuli háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Umfang og tíðni eftirlits skuli byggt á áhættuflokkun en ráðherra sé með 2. mgr. sömu greinar gert að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess.

Kveða stefndu að reglugerð nr. 917/2022 sé meðal annars sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2013 en í henni sé að finna nánari útfærslu á eftirliti með velferð dýra við veiðar á hvöllum. Í 2. gr. reglugerðarinnar segi meðal annars að reglubundið eftirlit Matvælastofnunar skuli framkvæmt með eftirlitsferðum við veiðar,

myndbandsupptökum veiðiaðferða og skráningu þeirra aðgerða við veiðar sem varða velferð dýra.

Þrátt fyrir að hvalveiðar stefnanda hafi ekki verið áhættuflokkaðar eftir sama kerfi og beitt sé við áhættuflokkun matvæla- og fóðurfyrirtækja sé ákvörðun um tíðni eftirlits með velferð dýra við veiðar á hvölum tekin á traustum grunni og að undangengnu mati á áhættu. Að mati stefndu eru sérstakir áhættuþættir til staðar við veiðarnar en þau gögn sem liggja fyrir eftir athugun eftirlitsdýralæknis á fjölda skota í dýrum við skoðun í starfsstöð Hvals hf. í Hvalfirði gefi tilefni til að ætla að þörf væri á að auka eftirlit með veiðunum þannig að skyldum stefnda samkvæmt lögum um velferð dýra væri fullnægt. Þá sé sýnileiki veiðanna lítill í ljósi þess að veiðarnar eru stundaðar á hafi úti en sýnileiki sé einn af þeim þáttum sem tekið sé mið af þegar áhætta við dýravelferð er metin.

Þá vísa stefndu til þess að mat á áhættu vegna eftirlits með velferð dýra við veiðar á hvölum verði hins vegar ekki byggt upp með sama hætti og þeir boðberar sem vísað sé til í stefnu er taki til eftirlits með búfenaði, fiskeldi, fóðurframleiðslu o.þ.h. enda sé um eðlisólíka starfsemi að ræða.

Stefndu mótmæla því að eftirlitið uppfylli ekki kröfur um meðalhóf þar sem það hafi ekki verið reglulegt heldur viðvarandi. Stefndu vekja athygli á því að í stefnu gæti þeirrar ónákvæmni að jöfnum höndum sé vísað til eftirlits og meints rafræns eftirlits án nánari aðgreiningar. Stefndu vekja athygli á því að dómkrafa stefnanda byggji á því að hann hafi þurft að sæta meintri íhlutun í friðhelgi einkalífs síns vegna eftirlits stefnda og að slíkt hafi valdið honum miska. Af myndskeiðum megi ráða að eftirlit hafi að mestu falist í upptöku á stuttum myndskeiðum til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um velferð dýra. Stefndu telja að þau myndskeið beri það með sér að framkvæmd eftirlits að þessu leyti hafi ekki farið yfir þau mörk sem meðalhófsreglan mæli fyrir. Að öðru leyti vísast til þess sem áður hefur komið fram varðandi grundvöll ákvörðunar um tíðni eftirlits stefnda.

Varðandi áskilnað í 5. gr. leyfis Hvals hf. til hvalveiða um að stefnandi skuli halda dagbók yfir veiðarnar benda stefndu á að slíkum upplýsingum úr dagbók sé ætlað að nýtast í vísindalegum tilgangi fyrir Hafrannsóknastofnun, sem eftirlitsgögn fyrir Fiskistofu og Landhelgisgæslu og til annarra verkefna sem varða *stjórnun veiða*. Slíkar upplýsingar nýtist þannig ekki við eftirlit með velferð dýra auk þess sem fyrir liggja að skylda til skráningar upplýsinganna hvíli á stefnanda sjálfum. Í öllu falli sé því mótmælt

að slík skylda, samfara heimild stefnda til eftirlits samkvæmt lögum um velferð dýra, hafi falið í sér brot á meðalhófsreglu.

Kveða stefndu með vísan til framangreinds ljóst að reglugerð nr. 917/2022 eigi sér fullnægjandi stoð í lögum nr. 55/2013, meðal annars í 13. gr. laganna en einnig 46. gr. þeirra. Reglugerðin hafi aðeins að geyma almenn ákvæði um markmið og framkvæmd eftirlits sem sé í fullu samræmi við þær heimildir sem ráðherra eru veittar, s.s. í 2. mgr. 13. gr. laganna.

Stefndu mótmæla því að framkvæmd stjórnsýslueftirlits stefnda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 917/2022 hafi falið í sér brot á ákvæðum laga nr. 90/2018 um vinnslu persónuupplýsinga eða stjórnarskrárvörðum rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs.

Í fyrsta lagi er því mótmælt að þau myndskeið sem veiðieftirlitsmenn stefnda Fiskistofu tóku teljist rafræn vöktun í skilningi laga nr. 90/2018. Hugtakið sé skilgreint í 9. tölul. 3. gr. laganna sem vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Að mati stefndu er ljóst að umrædd gagnaöflun, þ.á m. myndskeið sem sýna aðeins afmarkaða framkvæmd við veiðar á hvöllum, verði ekki talin rafræn vöktun í skilningi ákvæðins. Að mati stefndu er hvorki um að ræða viðvarandi vöktun eða vöktun sem endurtekin er reglulega né vöktun sem fer fram með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði. Stefndi verði því ekki talinn bundinn af 14. laga nr. 90/2018 við framkvæmd eftirlitsins.

Stefndu telja í öðru lagi að vafi leiki á því hvort umrædd myndskeið verði talin fela í sér persónuupplýsingar um stefnanda í skilningi laga nr. 90/2018. Myndskeið verði aðeins talið fela í sér persónuupplýsingar um stefnanda í skilningi laganna ef unnt er að persónugreina stefnanda á þeim. Að mati stefndu er óljóst hvort það verði talið eiga við um umrædd myndskeið. Ef unnt er að greina stefnanda á umræddum myndskeiðum þá telja stefndu að það eigi aðeins við um stutt myndbrot enda sé myndavél að mestu beint út á sjó og að viðkomandi dýri eftir að skot hefur átt sér stað. Einnig liggi fyrir að stefnandi snúi að mestu baki í þann sem tekur upp myndefnið og einnig sé stefnandi með öryggishjálmi á höfðinu sem leiði til þess að örðugt sé að auðkenna hann á myndskeiðum.

Verði talið að eitthvert þeirra myndskeiða sem fram hafa verið lögð hafi að geyma persónuupplýsingar um stefnanda, þá telja stefndu ljóst að þeim sé heimil vinnsla slíkra persónuupplýsinga til að hægt sé að uppfylla kröfur laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Nauðsynlegt sé að upplýsinga um aðferð og framkvæmd veiða sé aflað með

myndskeiðum sem geti þannig veitt upplýsingar um fjarlægð dýrs frá skipi, skotvinkil við skot, viðbrögð dýrs við skoti og hreyfingar eða hreyfingarleysi dýrs eftir skot. Upplýsingarnar nýtist fyrir stefnda við að leggja mat á hvort framkvæmd veiðanna uppfylli kröfur laga um dýravelferð, s.s. hvort veiðarnar valdi dýrunum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma.

Stefndu telja því að myndskeið sem kunna að fela í sér persónuupplýsingar um stefnanda séu óhjákvæmilegur fylgifiskur eftirlits með velferð dýra. Slík vinnsla sé nauðsynleg til að stefndi geti fullnægt þeirri lagaskyldu sem fólgin sé í ákvæðum laga nr. 55/2013, sbr. 3. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018. Að auki sé slík vinnsla nauðsynleg vegna beitingar opinbers valds sem stefndu fari með samkvæmt lögum um velferð dýra, sbr. 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018.

Þá kveða stefndu að önnur ákvæði laga nr. 90/2018 séu uppfyllt við vinnslu þeirra myndskeiða sem kunni að fela í sér persónuupplýsingar um stefnanda. Því er alfarið mótmælt af hálfu stefndu að vinnslan verði talin fara í bága við meginreglur 8. gr. laga nr. 90/2018. Það sé með öllu ósannað. Þvert á móti telja stefndu að slíkar meginreglur laganna teljist uppfylltar, s.s. þannig að persónuupplýsingar séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart stefnanda, þeirra sé aflað í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi, þær uppfylli kröfur um meðalhóf og áreiðanleika og viðeigandi öryggis sé gætt.

Stefndu mótmæla því að ekki liggi fyrir hver beri ábyrgð á umræddu myndefni og mögulegri vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við eftirlitið. Stefnanda hafi verið gert ljóst í upphafi viðkomandi veiðiferða að starfsmaður stefnda Fiskistofu væri að sinna eftirliti og afla gagna fyrir hönd stefnda og það væri gert á grundvelli reglugerðar um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvöllum. Áður hafi vinnuveitanda stefnanda verið tilkynnt símleiðis um að slíkt eftirlit yrði framkvæmt. Stefnanda hafi þannig verið gert ljóst á hvers ábyrgð eftirlitið fór fram og hver væri lagagrundvöllur þess og um leið hvernig framkvæmd þess væri háttáð. Gagnsæiskröfum laga um vinnslu persónuupplýsinga hafi þar af leiðandi verið fullnægt í umrætt sinn, sbr. m.a. 17. gr. laganna.

Þá kveða stefndu að því er varðar meðferð þess myndefnis sem varð til vegna eftirlits stefnda, þá liggi fyrir að öll meðferð þess uppfylli þær kröfur sem ákvæði laga um vinnslu persónuupplýsinga geri varðandi öryggi persónuupplýsinga. Myndefnið sé tekið upp á síma viðkomandi veiðieftirlitsmanna stefnda Fiskistofu og að lokinni

veiðiferð sé því hlaðið upp á læst svæði hjá stefnda. Aðgangur að gögnunum sé takmarkaður og aðeins aðgengilegur tilgreindum starfsmönnum stefnda og eftirlitsdýralækni. Þegar myndskaiðum hafi verið hlaðið upp á hið læsta svæði sé gögnum eytt úr farsíma viðkomandi veiðieftirlitsmanns. Þá sé rétt að taka fram að stefndi Fiskistofa útvegi starfsmönnum sínum símtæki eða greiði þeim styrk við kaup á síma ásamt því sem settar hafi verið reglur um notkun starfsmanna á farsímum. Í reglunum sé meðal annars mælt fyrir um skyldu starfsmanna að varðveita símtækin með tryggilegum hætti, um að síminn sé læstur með lykilorði og um skjáhvílur.

Þá benda stefndu á að ekkert liggi fyrir um að myndskaið sem kunna að fela í sér persónuupplýsingar um stefnanda hafi verið gerð aðgengileg utanaðkomandi aðilum eða að slíkt standi til. Stefnandi haldi því fram í stefnu að íslensk stjórnvöld hafi gefið það í skyn á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins og vísa til fram lagðs dómskjals í þeim efnunum. Að mati stefndu sé ekki hægt að lesa neitt slíkt úr því svari sem kemur fram í dómskjalinu. Stefnu telja því að stefnandi rangtúlki það sem þar kemur fram enda ekkert fjallað um afhendingu myndskaiða eða persónuupplýsinga. Þar sé aðeins vísað til þess að gögn úr eftirlitsferðum verði skoðuð og metin og niðurstaða (e. findings) þess mats verði í framhaldinu gert opinbert. Þá sé ljóst að um aðgang að slíkum gögnum að öðru leyti fari eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 40/2012 og þar sé að finna undanþágur frá rétti almennings til aðgangs að gögnum sem ætla verði að eigi við um umrædd myndskaið.

Þá byggja stefndu á því að hvað sem öðru líður hafi stefnandi ekki sýnt fram á að skilyrði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 teljist uppfyllt að því er varðar meinta bótaskyldu stefndu. Sá sem krefst bóta vegna ólögðs meingerðar samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga verði að sanna tilvist og umfang tjóns síns og einnig að um ásetning eða verulegt gáleysi hafi verið að ræða og að tjónið verði rakið til þeirrar háttsemi. Í því sambandi benda stefndu á að stefnandi kjósi að setja fram kröfu um miskabætur fyrir dómstólum vegna meints friðhelgisbrots án þess að hafa áður skoðað umrædd myndskaið og lagt mat á hvort í þeim kunnari að felast einhvers konar ólögð meingerð. Af fram lögðum myndskaiðum verði ráðið að mögulegar persónuupplýsingar um stefnanda kunnari aðeins að varða brot af þeim myndskaiðum sem tekin hafi verið upp. Stefnu telja ljóst að gögn málsins beri það með sér að stefnandi hafi ekki orðið fyrir ólögð meingerð sem varði stefndu bótaskyldu. Í öllu falli sé slíkt ósannað.

Þá áréttu stefndu það sem áður er rakið um að aðgengi að umræddum myndskaiðum sé takmarkað og aðeins tilgreindir starfsmenn stefnda hafi aðgang að

gögnunum í tengslum við starf sitt fyrir stefnda. Slík myndskeið hafi þannig aðeins verið nýtt í tengslum við lögmætt eftirlit með velferð dýra og hvorki verið afhent öðrum né standi slíkt til.

Þá mótmæla stefndu því að stefnandi hafi sýnt fram á tjón sitt að þessu leyti ellegar að tjón hans verði talið felast í ótta við að myndskeið komist í umferð eða að slík myndskeið hafi valdið honum kvíða. Hvorugt geti átt við enda ekkert sem bendi til að líkur séu til þess að umrædd myndskeið komist í umferð ellegar að myndefnið sé til þess fallið að valda stefnanda kvíða. Vísast meðal annars til þess að stefnandi hafi ekki skoðað umrædd myndskeið og því vandséð hvernig þau geti talist kvíðavaldandi fyrir hann.

Þá telja stefndu að stefnandi hafi ekki sannað að uppfyllt séu skilyrði 26. gr. skaðabótalaga um hið aukna saknæmisstig, þ.e. að ásetning eða verulegt gáleysi hafi verið að ræða umrætt sinn. Í því sambandi vísa stefndu einkum til þess að ljóst sé að umrætt eftirlit hafi verið byggt á lögmætum grunni og að reglugerð nr. 917/2022 hafi haft fullnægjandi lagastoð. Jafnvel þótt komist væri að öndverðri niðurstöðu að þessu leyti þá telja stefndu að slíkt myndi ekki uppfylla þá auknu saknæmiskröfu sem áskilin sé fyrir bótaskyldu samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga.

Að lokum mótmæla stefndu vaxta- og dráttarvaxtakröfum stefnanda. Engin umfjöllun sé í stefnu um upphafstíma vaxtakröfu og þá telja stefndu að dráttarvexti skuli, með hliðsjón af atvikum, miða við dómsuppsögu, sbr. lokamálslið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Að því er varðar kröfu stefndu um greiðslu málskostnaðar vilja stefndu vekja athygli á því að stefnandi hafi kosið að höfða dómsmál um kröfu sína án þess að hafa áður skoðað þau myndskeið sem kröfur hans byggjast á. Stefndu mótmæla því að það hafi verið einhverjum vandkvæðum bundið að óska eftir afritum af umræddum myndskeiðum líkt og stefnandi haldi fram. Þá liggi fyrir að stefnandi hefði getað fengið úr því skorið á stjórnarsýslustigi, þ.e. með kvörtun sinni til Persónuverndar, hvort um væri að ræða brot á ákvæðum laga um vinnslu persónuupplýsinga.

Um lagarök vísa stefndu einkum til laga nr. 90/2018 um vinnslu persónuupplýsinga, laga nr. 55/2013 um velferð dýra og laga nr. 30/2018 um Matvælastofnun. Þá vísast til skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 26. gr. laganna. Málskostnaðarkrafa stefndu er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða

Eins og að framan greinir hefur stefnandi höfðað mál þetta á hendur stefndu og gerir hann kröfu sína þannig að hann krefst þess að stefndu verði gert að greiða honum óskipt 2.000.000 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum eins og nánar greinir í stefnu, vegna framangreinds eftirlits.

Stefnandi byggir á því að reglugerð nr. 917/2022 eigi sér ekki lagagrundvöll. Þetta byggir í fyrsta lagi á því að lög nr. 55/2013, þar sem reglugerðin sækir lagastoð sína samkvæmt ákvæðum hennar, taki ekki til hvalveiða. Um þetta vísar stefnandi til þess að sérstök lög gildi um hvalveiðar, þ.e. lög nr. 26/1949, en í þeim sé ekki fjallað neitt um velferð dýra. Þessi lög séu sérlæg og gangi því framur lögum um velferð dýra nr. 55/2013. Á þetta verður ekki fallist. Í lögum nr. 26/1949 eru engin ákvæði sem eru í andstöðu við ákvæði laga nr. 55/2013 og því ekki um að ræða neinn árekstur á milli mismunandi lagaákvæða. Ekkert girðir fyrir að um hvalveiðar og aðferðir við þær veiðar geti gilt fleiri en einn lagabálkur og nægir í því sambandi að nefna að þeim sem stunda hvalveiðar ber t.d. að fara eftir fyrirmælum laga nr. 57/1996 um umgengni við nytjastofna sjávar. Getur þannig tilvist laga nr. 26/1949 ekki girt fyrir að lög nr. 55/2013 geti líka gilt um hvalveiðar. Engu breytir í þessu sambandi þó að lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum taki ekki til hvala.

Í öðru lagi vísar stefnandi til þess að í 2. gr. laga nr. 55/2013 er kveðið á um að lögini taki ekki til hefðbundinna veiða og föngunar á villtum fiski og bendir á að hvalveiðar séu hefðbundnar veiðar. Á þessar röksemdir er ekki unnt að fallast, enda verður ákvæðið ekki skilið á annan veg en að það vísi aðeins til fiska og hefðbundinna veiða og föngunar á þeim, en hvalir eru spendýr svo sem vitað er og geta ekki talist til fiska. Það að hvalveiðar séu hefðbundnar getur ekki dugað stefnanda til að lög nr. 55/2013 gildi ekki þær. Þá kemur sérstaklega fram í lögskýringargögnum með 2. gr. laganna að einungis veiðar á villtum fiski er undanþegnar í frumvarpinu. Þannig eru hvalir ekki undanþegnir gildissviði laganna. Dugar stefnanda ekki heldur að vísa hér til lögjöfnunar, enda hvalir og fiskar eðlisólík dýr.

Þá byggir stefnandi á því að hvað sem líður gildissviði laga nr. 55/2013 sé hið umþætta eftirlit lögum andstætt og um leið saknæmt. Byggir stefnandi á því að fyrirkomulag hins rafræna eftirlits eigi sér ekki lögmatan grundvöll af mörgum ástæðum. Lagaumgjörðin og framkvæmdin uppfylli ekki almennar og sértækar kröfur, þ.m.t. um skýrleika og meðalhóf sem gerðar séu til slíks.

Í fyrsta lagi bendir stefnandi á að skv. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2013 skuli starfsemi samkvæmt lögnum vera háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Umfang og tíðni eftirlits skuli byggt á áhættuflokkun og í 2. mgr. 13. gr. komi fram að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess. Þessi áhættuflokkun hafi hins vegar ekki verið gerð, hvorki í reglugerð nr. 917/2022 né annarsstaðar. Af þessu leiði að eftirlitið sé því óheimilt og ólöglegt.

Í lögskýringargögnum með ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna kemur fram að „þegar eftirlit er byggt á áhættumati er tíðni reglubundins eftirlits metin út frá áhættu sem varðar velferð dýra, sem hefur verið greind og metin og lögð til grundvallar eftirlitskerfinu. Með þessu móti verður eftirlitið hnitmiðaðra og tíðni þess mest þar sem áhættan er mest og þar af leiðandi í samræmi við raunverulega þörf í hverju dýrahaldi fyrir sig. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra útfæri nánari fyrirmæli um eftirlitið og framkvæmd þess í reglugerð.“ Fyrir liggur að umrædd áhættuflokkun hefur ekki farið fram.

Að mati dómsins þarf skortur á formlegri áhættuflokkun hins vegar ekki endilega að leiða til þess að eftirlitið verði sjálfkrafa ólöglegt. Hins vegar veldur þetta því að mati dómsins að stefndu bera sönnunarbyrði fyrir því að eftirlitið sé ekki umfram áhættu og tilefni. Að mati dómsins hafa stefndu fært að því nægileg rök að eftirlitið hafi ekki verið umfram tilefni og áhættu. Við það mat lítur dómurinn annars vegar til þess að umrædd starfsemi er lítt sýnileg enda fer hún fram úti á hafi. Hins vegar lítur dómurinn til þess að ýmislegt bendir til þess að við umræddar hvalveiðar kunni að hafa orðið misbrestur á því að markmiðum 27. gr., sbr. 1. gr., laga nr. 55/2013, hafi verið náð. Í því efni nægir að vísa til eftirlitsskýrslu stefnda Matvælastofnunar um velferð hvala við veiðar á langreyðum á Íslandi 2022. Skýrslan hefur verið lögð fram í málinu, en hún er m.a. byggð á hinu umþrætta eftirliti. Í samantekt skýrslunnar kemur fram að fyrir allt veiðitímabilið frá 24. júní – 28. september 2022 voru veidd 148 dýr og af þeim voru 36 hvalir, eða 24%, skotnir tvisvar eða oftar, en af þeim 58 hvölum sem veiddir voru seinni hluta veiðitímabilsins, þ.e. 24. ágúst – 28. september 2022 voru 14 dýr skotin oftar en einu sinni og tvö dýr skotin með fjórum sprengiskutlum. Þá kemur fram að einungis 59% dýranna hafi drepist samstundis.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að reglugerð nr. 917/2022, eins og henni hefur verið beitt og hún verið skýrð af stefnda Matvælastofnun, fari í bága við efni laga nr. 55/2013 og eigi sér heldur ekki fullnægjandi stoð í lögnum, þ. á m. 2. mgr. 13. gr. laganna. Um þetta er það að segja að í reglugerðinni er vísað til 13. gr., 33. gr. og 46. gr.,

sbr. 1., 4. og 27. gr. laga nr. 55/2013. Lögum nr. 57/2013 er skipt í nokkra kafla. Í IV. kafla laganna er fjallað um úttekt og eftirlit. Þrettánda grein laganna er í þeim kafla, en eins og áður hefur komið fram segir þar að starfsemi samkvæmt lögnum skuli háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Síðan segir að ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess. Sú reglugerð sem þarna er mælt fyrir um nær aðeins til hins lögheimilaða eftirlits og framkvæmdar þess. Hins vegar er einnig í 46. gr. lagana almenn reglugerðarheimild þar sem segir að ráðherra sé heimilt að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð. Reglugerð nr. 917/2022 er ekki byggð á hinni almennu reglugerðarheimild heldur á hinni sérstæku sem lýtur sérstaklega að eftirlitinu og framkvæmd þess. Við mat á því hvort reglugerðin hafi næga lagastoð að því leyti að hún heimili það eftirlit sem um er deilt í málinu ber að líta til þess hve tilfinnanlegt eða íþyngjandi eftirlitið og reglugerðarákvæðin eru. Í þessu máli felst eftirlitið samkvæmt reglugerðinni í myndbandsupptökum úti á sjó þar sem stefnandi sést mjög oft í mynd við vinnu sína, en stundum sést hann jafnframt þannig að unnt er að greina hver hann er, a.m.k. ef áhorfandinn þekkir til. Að mati dómsins gengur hið umþrætta eftirlit ekki svo nærri einkalífi og persónulegum hagsmunum stefnanda að talið verði að reglugerðin hafi ekki næga lagastoð að þessu leyti, en þá er einkum vísað til þess að í 13. gr. laga nr. 57/2013 er sérstaklega heimilað að setja í reglugerð ákvæði um það eftirlit sem lögin mæla fyrir um. Ekki þykir hér geta ráðið úrslitum að myndbandsupptökum eru ekki sérstaklega teknar fram í lagaákvæðunum um eftirlitið.

Í þriðja lagi byggir stefnandi á því að eftirlitið hafi ekki verið reglulegt heldur viðvarandi. Tíðni og umfang eftirlitsins uppfylli ekki kröfur um meðalhóf og sé á skjön við efni 13. gr. laga nr. 57/2013 og lögskýringargögn. Auk þess sé kveðið á um það í starfsleyfi Hvals hf. að halda skuli dagbók um veiðarnar og að fyrirtækið sæti eftirliti á grundvelli heimilda í lögum og reglum um hvalveiðar. Um þetta er það að segja að orðalagið „reglubundið“ þykir að mati dómsins ekki endilega útiloka það að eftirlitið verði í raun viðvarandi eða allt að því.

Samstarfssamningur stefndu um framkvæmd eftirlitsins liggur frammi í málinu. Í honum kemur fram að til að unnt sé að leggja mat á veiðiaðferðir og aflífun þurfi eftirlitsmenn stefnda Fiskistofu að afla gagna um rúmlega 25% þeirra dýra sem heimild er til að veiða á hverju veiðitímabili, þ.e. að sinna eftirliti á vertíðinni 2022 með veiðum og aflífun 50 dýra og skrá niðurstöðurnar úr eftirliti í gátlista. Þá hefur verið lagt fram yfirlit yfir veru eftirlitsmanna frá stefnda Fiskistofu um borð í bátum, m.a. á

veiðitímabilinu 2022. Kemur þar fram að fram til 12. ágúst 2022 voru úthaldsdagar 52 en eftirlitsmenn voru um borð í 6 daga, eða sem nemur tæpum 12%. Eftir 12. ágúst 2022, þ.e. eftir að reglugerð nr. 917/2013 tók gildi, voru úthaldsdagar 86 og voru eftirlitsmenn um borð í 70 daga, eða sem nemur rúmum 81%.

Augljóslega hefur þannig viðvera eftirlitsmanna um borð aukist verulega eftir gildistöku reglugerðarinnar. Ekki þykir þó unnt að nota orðið „viðvarandi“ um viðveruna, enda liggur fyrir að eftirlitsmenn voru ekki um borð í öllum veiðiferðum eftir að reglugerðin tók gildi, þó svo að viðvera þeirra hafi vissulega aukist til muna.

Að mati dómsins hefur stefnandi þannig ekki sýnt fram á að viðveran hafi verið umfram tilefni eða umfram heimildir. Þar með hefur stefnandi ekki heldur sýnt fram á að viðveran og þar með eftirlitið hafi gengið gegn meðalhófi. Þvert á móti þykja stefndu hafa rennt stoðum undir að viðveran og eftirlitið hafi ekki verið umfram tilefnið og ekki hafi verið brotið gegn meðalhófsreglu. Þá getur hér ekki skipt máli að í leyfi Hvals hf. og lögum og reglum um hvalveiðar komi fram að Hvalur hf. og starfsemi fyrirtækisins sæti tilteknu eftirliti, en það eftirlit lýtur að öðrum þáttum en dýravelferð. Verður þannig hvorki fallist á að það eftirlit sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 917/2022 gangi gegn meðalhófsreglu, né heldur eftirlitið sem framkvæmt var á grundvelli reglugerðarinnar.

Hinn burðarásinn í málatilbúnaði stefnanda lýtur að því að með eftirlitinu hafi verið brotið gegn persónuvernd stefnanda og þeim reglum sem þar um gilda. Kveður stefnandi að söfnun persónuupplýsinga um stefnanda og vinnsla þeirra fari í bága við meginreglur laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, sbr. 8. gr. laganna.

Hér byggir stefnandi í fyrsta lagi á því að eftirlitið sé vöktun og feli bersýnilega í sér „rafræna vöktun“ í skilningi 14. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 9. tölul. 3. gr. laganna. Um þetta er það að segja að í téðum 9. tölul. 3. gr. nefndra laga er hugtakið „rafræn vöktun“ skilgreind sem „vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.“ Í málinu liggur fyrir að hið umþrætta eftirlit fór m.a. þannig fram að eftirlitsmaður var með farsíma sem hann notaði til að taka upp myndefni og stýrði hann sjálfur sjónarhorni myndavélar farsímans. Ekki var hins vegar um það að ræða að um væri að ræða sjálfvirkan eða fjarstýrðan búnað og þegar af þeirri ástæðu getur hið umþrætta eftirlit ekki fallið undir hugtakið „rafræn vöktun.“

Þá hefur stefnandi vísað til 1. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018 þar sem kveðið er á um að „ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja gagnsæi upplýsinga og tilkynningar til skráðs einstaklings samkvæmt fyrirmælum 12. gr. reglugerðarinnar svo að hann geti neytt upplýsingaréttar síns og réttar til aðgangs.“ Er þarna vísað í „REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin)“ sem birt er sem fylgiskjal með lögnum. Kveður stefnandi að þessum áskilnaði sé alls ekki fullnægt. Þá verði ekki séð að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt þar sem gögnin hafi verið vistuð á snjallsíma. Þá sé ekki ljóst hver beri ábyrgð á að vinnsla persónuupplýsinganna sé lögum samkvæm, þ.e. hver sé ábyrgðaraðili. Vegna þess að framkvæmdin sé á reiki þá séu meginreglur persónuverndarlöggjafarinnar um sanngirni brotnar, þ.e. að persónuupplýsingar skuli unnar á lögumætun, sanngjarnan og gegnsæjan hátt. Þá sé ekki að sjá að nauðsyn hafi verið til svo umfangsmikillar söfnunar og vinnslu á persónuupplýsingum. Persónuverndarlög hafi því verið brotin á stefnanda og um leið verið brotið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum stefnanda til friðhelgis einkalífs. Þá séu veruleg áhöld um hvort fræðsluskyldu hafi verið sinnt og þá sé ekki ljóst hver hafi verið nákvæmur tilgangur vinnslunnar. Af öllu þessu leiði að skilyrði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um miskabætur séu uppfylltar.

Eins og áður segir er það mat dómsins að ekki hafi verið um að ræða rafræna vöktun. Þá er að mati dómsins jafnljóst að ekki er um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 3. laga nr. 90/2018. Hins vegar hafa stefndu ekki sýnt fram á það að öllu leyti að fyrirmælum persónuverndarlaga hafi verið fylgt við umrætt eftirlit. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á það formlega að tilkynningum til stefnanda hafi verið sinnt, þó svo að honum hafi verið ljóst að verið var að taka upp myndskaið og í hvaða tilgangi. Þá liggur ekki fyrir að öryggi persónuupplýsinganna hafi verið tryggt með því að taka myndskaiðin upp á farsíma og hlaða þeim svo inn í fartölvu á vegum stefnda Fiskistofu. Sést þetta best á því að hluti myndskaiðanna hefur ratað í fjölmiðla, en á því eru ekki skýringar. Þá hefur ekki heldur komið fram með fullnægjandi hætti að mati dómsins hver var ábyrgðaraðili í skilningi 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018, auk þess að ekki liggur fyrir að fræðsluskyldu hafi verið sinnt gagnvart stefnanda umfram það sem áður segir. Á hinn bóginn verður ekki

falllist á að farið hafi verið gegn meðalhófi við eftirlitið og söfnun upplýsinganna eins og áður segir. Þannig liggur fyrir að stefndu hafa sýnt fram á að þörf hafi verið á eftirlitinu og það hafi ekki verið úr hófi. Þá verður jafnframt litið til þess að á myndskreiðunum verður ekki betur séð en að stefnandi sé aukaatriði og að myndatakan hafi fyrst og fremst beinst að veiðunum sjálfum, en ekki stefnanda, þó óhjákvæmilegt sé að mynda hann í leiðinni.

Eins og áður segir byggir stefnandi miskabótakröfu sína á b lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þar kemur fram að heimilt er að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða honum miskabætur, en skilyrði er að um sé að ræða stórfellt gáleysi eða ásetning. Hér að framan er því lýst að hafnað hefur verið öllum málsástæðum stefnanda nema því að reglum persónuverndarlaga var ekki fylgt að öllu leyti við umrætt eftirlit. Í stefnu er mjög rýr rökstuðningur og umfjöllun um þann miska sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir, en við aðalmeðferð kom fram hjá honum að honum hafi þótt óþægilegt að vita til þess að verið væri að mynda hann við vinnu sína. Eins og áður segir felast ekki viðkvæmar persónuupplýsingar í hinum umdeildu myndatökum. Við myndatökurnar var stefnandi við vinnu sína en ekki að sinna persónulegum erindum eða raunverulegu einkalífi sínu og sjaldnast þekkjanlegur.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að þau frávik sem urðu við umrætt eftirlit gagnvart ákvæðum persónuverndarlaga séu ekki svo veigamikil eða íþyngjandi gagnvart stefnanda að þau geti talist vera ólögmat meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda. Af þessu leiðir að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu þykir vera rétt að málskostnaður falli niður á milli aðila.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Matvælastofnun og Fiskistofa, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Einars Jóhannesar Lárussonar.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður G. Gíslason